

Mánudaginn 25. október 1948.

Nr. 43/1948. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Hrl. Einar Arnórsson)

gegn

Valtý Stefáni Jónssyni

(Hrl. Sveinbjörn Jónsson).

Ölvun við akstur. Brot gegn áfengis- og umferðarlögum svo og 219. gr. hegningarlaga.

Dómur hæstaréttar.

Friðjón Skarphéðinsson, sýslumaður Eyjafjarðarsýslu, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Rannsókn á blóðúrtaki ákærða leiddi í ljós, að í því var áfengismagn, er nam 1.5%. Samkvæmt þessu og öðrum sakargögnum, sem rakin eru í héraðsdómi, er sannað, að ákærði var ölvaður við stjórn bifreiðarinnar A 207 umrætt skipti, enda verður ekkert mark tekið á sögu hans um drykkju eftir áreksturinn. Varðar þetta hátterni ákærða við 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. mgr. 4. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 og 21. gr. áfengislaga nr. 33/1935. Farþegar voru of margir í bifreið ákærða, og varðar það hann við 3. mgr. 14. gr. bifreiðalaganna. Ákærði ók óhæfilega hratt og gálauslega, þrátt fyrir viðvaranir farþega, og varðar það brot hans við 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. bifreiðalaganna og 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. umferðarlaganna. Þar sem heilsutjón og áverka, sem lýst er í héraðsdómi, leiddi af hinum gálausu akstri ákærða, er hann og sekur um brot gegn 219. gr. hegningarlaganna nr. 19/1940.

Þar sem árekstur bifreiðar ákærða, A 207, og bifreiðarinnar A 175, varð, er vegurinn aðeins 5 metra breiður. Geta bifreiðar því ekki mætt þar, nema gætt sé ýtrustu varfærni við stjórn þeirra. Um 10 metrum sunnar er hins vegar útskot á veginum, og er bifreiðum ætlað að mætast þar. Óku- maður bifreiðarinnar A 175 ók norður veginn, og var hann því á útskotinu örskömmu fyrir áreksturinn. Hann beið ekki á útskotinu, þar til bifreið ákærða væri komin fram hjá, heldur ók til móts við hana, unz árekstur varð. Virðist öku-

maður A 175 því einnig eiga nokkra sök á slysinu. Ber að virða það, er refsing ákærða er metin.

Að þessu athuguðu og samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. umferðarlaganna, 39. gr. áfengislaganna og 219. gr. hegningarlaga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 40 daga.

Samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna, 21., sbr. 20., 39. gr. áfengislaganna og 68. gr. hegningarlaga ber að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 700.00 til hvors.

D ó m s o r ð :

Ákærði Valtýr Stefán Jónsson sæti varðhaldi 40 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málf lutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Einars Arnórssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 700.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur aukaréttar Eyjafjarðarsýslu 14. febrúar 1948.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. f. m., er höfðað með stefnu útgefinni 15. des. f. á. gegn ákærða Valtý Stefáni Jónssyni bifreiðarstjóra, til heimilis að Hallgilsstöðum í Arnarnesshreppi í Eyjafjarðarsýslu, af réttvisinnar hálfu fyrir brot á XXIII. kafla almennra hegningarlaga og af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, umferðarlögum nr. 24 s. d. og áfengislögum nr. 33 9. jan. 1935.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 27. febrúar 1918. Hann hefur ekki fyrr sætt kærú eða refsingu, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þessir: Aðfaranótt sunnudagsins 17. ágúst s. l. kl. 2.30—3 varð bifreiðaslys á Þjóðveginum í Arnarnesshreppi, skammt norðan við Spónsgerði. Varð þar árekstur milli bifreiðarinnar A 207, sem er hálfkassabifreið af Chevrolet gerð, og bifreiðarinnar

A 175, sem er litil fólksflutningabifreið. Bifreiðarstjóri á A 207 var ákærði í máli þessu, en á A 175 Sigtryggur Þorbjarnarson frá Akureyri. Bifreiðinni A 207 var ekið suður eftir veginum, en A 175 í norður, og varð árekstur á milli þeirra, með þeim afleiðingum, að báðar bifreiðarnar stórskemmdust, einkum þó sú minni, og nokkrar manneskjur í báðum bifreiðunum slösuðust meira eða minna, sem síðar greinir.

Kl. 3.55 þessa nótt var lögreglunni á Akureyri tilkynnt slysið, og fóru þá tveir lögregluþjónar, þeir Gísli Ólafsson og Björn Guðmundsson ásamt héraðslækninum, á vettvang. Þegar þeir komu þangað, var flest allt fólkið úr nefndum bifreiðum farið þaðan. Bifreiðin A 175 var þá við slysstaðinn og stóð skáhalt út af hægri kanti vegarins, og var lögreglunni sagt, að hún hefði verið færð dálítið til vegna umferðarinnar. Var hún þá svo mikið skemmd, að ekki var neitt hægt að aka henni. Bifreiðinni A 207 hafði verið ekið um 500 m suður eftir veginum, og síðan inn á þverveg að Spónsgerði og út í móa. Hittu lögregluþjónarnir ákærða nálægt slysstaðnum og höfðu tal af honum. Virtist þeim ákærði vera sýnilega undir áhrifum áfengis og inntu hann því þegar eftir áfengisneyzlu hans. Sagði ákærði þeim þá, að hann hefði eftir áreksturinn tekið upp flösku með $\frac{1}{2}$ —1 pela af brennivíni og drukkíð það allt. Flöskunni kvaðst hann síðan hafa kastað út úr bifreiðinni og kvað það hafa verið á stað, sem reyndist vera um 300 m frá slysstaðnum. Leituðu lögregluþjónarnir þá þegar að flöskunni, en án árangurs. Þegar lögreglumennirnir spurðu ákærða um, hvort hann hefði ekki neytt áfengis fyrr um nóttina, kvaðst hann ekki geta neitað, að svo hefði verið. Var nú farið með ákærða inn á Akureyri, tekið úr honum blóðsýnishorn og tekin af honum skýrsla. Var hann þá enn nokkuð drukkinn og tal hans ruglkennt. Ekki gat hann skýrt frá því til hlitar, hvaða fólk hefði verið með í bifreiðinni. Þó tilnefndi hann þetta: Eggert bróður sinn og Þóru Jónsdóttur, bæði frá Hallgilstöðum, Þóru Stefánsdóttur og stúlku að nafni Jónborgu, báðar frá Fagraskógi, og Guðrúnu Valgeirsdóttur frá Akureyri. Fleira minntist hann ekki á. Hann neitaði því, að stúlka frá Ósi í Arnarneshreppi, Ásgerður að nafni, hefði verið í hans bifreið, en upplýst var þá, að hún hafði verið flutt meðvitundarlaus í sjúkrahús eftir nefnt slys. Þá sagði ákærði það um áfengisneyzlu sína, að hann hefði ekkert áfengi bragðað um kvöldið eða nóttina, fyrr en hann hafi verið kominn á þann stað, þar sem bifreið hans var, þegar lögreglumennirnir komu á vettvang um nóttina. Sagðist hann hafa tekið þar upp hálfu ákavítisflösku og drukkíð allt, sem í henni var, og síðan kastað tómrí flöskunni út um opinn glugga á hægri hurð bifreiðarinnar. Eftir að skýrsla þessi hafði verið tekin af ákærða, fór yfirlögregluþjónninn ásamt báðum framannefndum lögreglumönnum að bifreið ákærða, þar sem hann hafði skilið við hana um nóttina, og leituðu að flöskunni. Telja þeir, að þeir hafi leitað af sér allan grun um að flaskan væri nokkurs staðar

í kastlengd frá bifreiðinni, hvorki þar sem bifreiðin þá stóð, né þar sem ákærði hafði vísað til, um 300 m frá slysstaðnum. Var orðið fullbjart, þegar lögreglumennirnir komu á vettvang í seinna skiptið. Hafa allir frammanefndir lögreglumenn staðfest skýrslu sína fyrir dómi varðandi þetta.

Við rannsókn málsins er þetta enn fremur upplýst svo öruggt má telja. Bifreiðin A 207 er fólks- og vöruflutningabifreið, og er heimilt að flytja í henni 10 farþega, auk öikumanns. Var hún notuð sem áætlunarbifreið fyrir farþega og mjólkurflutninga úr Arnarneshreppi til Akureyrar, en ekki var hún í áætlunarferð, þegar slysið varð. Að kvöldi laugardagsins 16. ágúst s. l. ók ákærði bifreiðinni fyrst út að Fagraskógi og kom við á Hjalteyri. Síðar um kvöldið fór hann frá Fagraskógi og kom við á Hjalteyri og flutti fólk á dansleik að Reistarará í Arnarneshreppi þá um kvöldið. Var klukkan þá um 23.30—24. Var hann síðan á dansleiknum um nóttina eða við skemmtistaðinn, og stóð bifreiðin þar á meðan. Þegar dansleiknum var lokið um kl. 2.30 um nóttina, var óskað eftir því, að ákærði færi með fólk inn að Möðruvöllum eða þar í grennd áður en hann færi út að Fagraskógi, en þar hélt hann til á nóttunni. Þetta fólk var í bifreiðinni: Í framsæti hjá bifreiðarstjóra var aðeins ein stúlka, Jónbjörg Gísladóttir að nafni. Í miðbekknum var þetta fólk: Guðrún Valgarðsdóttir, Akureyri, Þóra Stefánsdóttir, Fagraskógi, Nis Peter Nissen, Fagraskógi, Ruth Harloff, Möðruvöllum, þau síðast nefndu eru dönsk, Guðjón Þóroddsson frá Björgum og Hermann Jónsson úr Skagafirði, eða sex manns. Í aftasta bekk var þetta fólk: Pálmi Pálmason, Hofi, Geirfinnur Hermannsson, Litlu-Brekku, Sigurður Þorbergsson, Prastahóli, Sveinn Þorbergsson, sama stað, Eggert Jónsson, Hallgilstöðum, bróðir ákærða, og Ásgerður Jóhannsdóttir, Ósi, eða 6 manns. Alls voru þannig í bifreiðinni 13 farþegar. Í bifreiðinni A 175 var, auk bifreiðarstjórans, þetta fólk: Í framsæti var ung stúlka, Sigrún Bjarnadóttir að nafni, en í aftursæti önnur ung stúlka, Eygló Gísladóttir, og Einar Pétursson, rafvirkjanemi, og var hann töluvert ölváður. Allt þetta fólk var í bifreiðunum, þegar þær rákust saman. Að Reistarará voru margar bifreiðar aðrar þessa nótt, og var þeim flestum eða öllum ekið um líkt leyti af stað suður eftir veginum. Hjá Spónsgerði er dálítið leiti, og er norðan til við það útskot fyrir bifreiðar til að mætast, og er vegurinn þar um 6 m að breidd, að meðtöldu útskotinu. Þar fyrir norðan er vegurinn 5 m breiður, mælt algengt út á kanta, og munu bifreiðar yfirleitt ekki mætast þar nema við útskotið, og er því að jafnaði ekið nálægt miðjum vegi. Fyrir norðan nefnt útskot er vegurinn beinn á 1—2 km löngu svæði og ekki mjög mishæðóttur. Áreksturinn varð 8—12 m norðan við útskotið, eftir því sem næst varð komizt, en ekki sást það greinilega vegna troðnings, enda höfðu bifreiðarnar verið færðar úr stað, sem fyrr segir.

Ákærði hefur sjálfur borið eftirfarandi fyrir dómi um aðdraganda slyssins og atvik málsins:

Þegar hann fór frá Reistará, taldi hann að með honum hefði verið í bifreiðinni ein karlmaður og ein stúlka frá Hallgilsstöðum og þrjár stúlkur frá Fagraskógi. Ekki mundi hann fyrir vist, hvort stúlka að nafni Gerður Guðnadóttir og dóttir prestsins á Möðruvöllum hefðu verið með. Enn fremur taldi hann, að eitthvert fólk hefði farið í aftasta sætið, án þess að hann hirti um, hvaða fólk það væri. Í framsætinu sagði hann að hefði setið stúlka að nafni Jónbjörg, frá Fagraskógi, og annað hvort Þóra Stefánsdóttir eða Guðrún Valgeirsdóttir. Um aksturinn hefur ákærði sagt í fyrsta réttarhaldi, 17. ágúst s. l., að hann hafi ekið með 20—25 km hraða skömmu fyrir áreksturinn og hafi hann séð bifreið koma á móti sér við afleggjara á veginum. Þjóst hann við að bifreiðin, sem á móti honum kom, og reyndist vera A 175, mundi nema staðar á útskotinu, en þegar A 175 hafi lagt af stað inn á veginn, hafi hann hægt á ferðinni og hemlað, og hafi þá verið um bifreiðarlengd milli bifreiðanna. Á næsta augnabliki kvað hann áreksturinn hafa orðið og var hann all þungur. Í næsta skipti, er ákærði kom fyrir dóm í máli þessu, hefur hann borið, að hann minni, að hraðinn hafi verið 40—50 km miðað við klukkustund, og hann muni hafa verið nokkurn veginn óbreyttur, þar til bilið milli bifreiðanna var um ein billengd, en þá hafi hann hemlað, og hafi hraðinn ekki verið yfir 25—30 km, þegar áreksturinn varð. Loks hefur ákærði í réttarhaldi 11. des. s. l. viðurkennt, að hann hafi sagt við Sigtrygg Þorsteinsson, svo sem síðar verður að vikið, að hann hafi ekki séð ástæðu til að slá af, þar sem hann hafi reiknað með að Sigtryggur myndi nema staðar á útskotinu. Hefur ákærði jafnan staðhæft, að hann hafi ekki séð aðra bifreið við útskotið, en A 175, og að hann hafi reiknað með því, að A 175 yrði stöðvuð á útskotinu. Um hraða bifreiðarinnar A 175 hefur ákærði sagt, að hún hafi verið á dálitilli ferð, en eigi verið ekið hratt. Við áreksturinn hafi hún lent framan á A 207, þó aðallega hægra megin, og hafi A 207 aðallega skemmt þeim megin. Ekki hefur ákærði viljað viðurkenna við rannsókn málsins, að neitt hafi verið áfátt við stjórn hans á bifreiðinni í ferð þessari, þrátt fyrir gagnstæða framburði ýmissa vitna, sem síðar greinir.

Um slysið sjálft hefur ákærði borið þetta: Við áreksturinn skarst Jónbjörg Gísladóttir á öðrum vanganum. Sjálfur fékk ákærði dálítið sár ofan á hvirflinum. Um slys á öðru fólki vissi hann ekki, en taldi þó, að verið gæti, að eitthvað af fólkinu, sem var í aftasta sætinu, hafi meiðst. Hann sagðist rétt aðeins hafa komið út úr bifreiðinni, og ekki hafa neitt séð um að fólkið, sem slasaðist, kæmist í aðrar bifreiðar, enda hafi fólkið brátt heimtað, að hann færi með bifreið sína af veginum, til þess að bifreiðarnar, sem slasaða fólkið var látið í, kæmist leiðar sinnar. Hann ók síðan A 207 töluverðan spöl suður eftir þjóðveginum og síðan inn á þverveg hjá Spónsgerði. Kveðst hann hafa stöðvað bifreiðina þar og tekið upp flösku með ákavíti, um það bil hálfu, og drukkið upp úr henni í einum teig og

kastað henni síðan norður fyrir þverveginn. Kvaðst hann, þegar þetta gerðist, hafa verið staddur fyrir utan bifreiðina, einnig meðan hann drakk úr flöskunni. Þá hefur ákærði skýrt frá því, að skömmu eftir að hann kom að Reistará þessa nótt, hafi hann komið í veitingasalinn og hitt þar Tryggva nokkurn Einarsson og Agnar Stefánsson, sem þar hafi setið saman við borð. Hafi menn þessir gefið honum tvisvar áfengi út í kaffibolla og gízkar á, að það hafi samsvarað þrem snöfum. Kveðst hann hafa fundið litils háttar til ölvunar út af þessu. Ekki kvaðst hann þó hafa fundið neina ölvun á sér, þegar hann hafi lagt af stað frá Reistará. Varðandi ákavitisflöskuna, er áður greinir, hefur hann sagt, að hann hafi verið búinn að eiga hana vikutíma, og að hann hafi oft bragðað á henni á kvöldin. Hann kvaðst hafa orðið mikið ölvaður af ákavítinu og heldur, að hann hafi sofnað í múnunum skammt frá bifreiðinni, en hann hafi þó vaknað sjálfkrafa. Fór hann þá að slysstaðnum og mætti þá lög-
reglumönnum, sem voru þá snúnir aftur frá slysstaðnum. Í réttarhaldi 15. des. s. l. sagði ákærði, að hann myndi ekki, hvort hann hefði hent flöskunni út um dyrnar eða gluggann á bifreiðinni né heldur, hvort hann hafi þá verið inni í bifreiðinni eða úti. Í öðru réttarhaldinu, sem ákærði mætti í, hélt hann því fram, að hann hefði fengið högg, bæði á nefið og höfuðið við áreksturinn, og hafi hann orðið svo ruglaður af því, að hann hafi ekki munað hvað gerðist þá.

Sigtryggur Þorsteinsson, sem stjórnaði bifreiðinni A 175, 21 árs að aldri, hefur borið eftirfarandi: Hann hafði verið á dansleik þessa nótt, ásamt Einari Péturssyni, sem með honum var í bifreiðinni, og Bergi nokkrum Eiríkssyni, sem skilizt hafði við þá. Voru þeir Einar og Bergur mikið drukknir á dansleiknum, en sjálfur kvaðst hann ekki hafa neytt neins áfengis. Eftir dansleikinn fór hann áleiðis til Reistarár í bifreiðinni A 175, sem hann hafði undir höndum, ásamt fólki því, er að framan greinir. Hann kvaðst hafa mætt bifreið við útskot, örskammri stundu fyrir slysið, og hafi hún numið staðar og slökkt ljósin meðan hann fór fram hjá. Hafði hann augun á bifreið þessari, meðan hann fór fram hjá henni. Í fyrra skiptið, er hann kom fyrir dóm í máli þessu, sagði hann, að fáum metrum norðar en hann mætti bifreiðinni, hafi hann fengið á sig ljós frá vörubifreið, er komið hafði með allmikilli ferð að norðan, og hefði það engum togum skipt, að áreksturinn hefði orðið milli bifreiðanna. Þegar hann kom fyrir dóm síðar, komst hann þannig að orði, að þegar hann hafi litið af bifreiðinni, sem hann mætti, hafi hann strax séð ljós hinnar bifreiðarinnar, sem á móti kom, og hafi það engum togum skipt, að áreksturinn hafi orðið. Hann taldi að hraðinn á sinni bifreið hafi verið mjög litið farinn að aukast frá því hann var á útskotinu og hafi verið á öðru hraðastigi, en þau séu fjögur á hans bifreið. Þegar hann sá áreksturinn fyrir, hafi A 207 verið alveg að koma að honum, svo að enginn möguleiki hafi verið til að forðast áreksturinn. Hann hafði ekki ráðrúm til að aðvara

fólkið í bifreiðinni. Hann heldur þó, að hann hafi stigið á hemlana. Hann kveðst ekkert hafa vitað um bifreið á veginum á þessum stað, fyrr en hann fékk ljósin frá henni framan í sig, sem síðar segir. Ekki hefur hann þó haldið því fram, að A 207 hafi ekki verið með löglegum ljósum. Um akstur A 207 hefur hann enn fremur sagt, að hraði hennar hafi verið mikill, hann hafi ekki orðið þess var, að henni hafi neitt verið hemalð og að ákærði hafi sagt við hann eftir slysið, að hann hefði ekki séð ástæðu til að „slá af“, því hann hefði haldið að Sigtryggur mundi nema staðar á útskotinu.

Um framkomu og útlit ákærða á slystaðnum hefur Sigtryggur borið þetta. Þegar hann hitti ákærða að máli eftir áreksturinn, hafi hann verið mjög æstur í skapi og kennt honum um áreksturinn. Virtist honum ákærði vera mikið drukkin og sagði að hann hefði verið óstöðugur á fótum og hafi talað um að slást við Einar Pétursson, er þeir áttu tal saman. Þá hefur hann sagt, að framkoma ákærða gagnvart farþegunum hafi verið einkennileg, því hann hafi haldið sér við bifreið sína eftir að hann var búinn að færa hana til á veginum, en ekkert skeytt um slasaða fólk.

Mörg vitni hafa verið leidd í máli þessu. Geirfinnur Hermannsson, Litlu-Brekku, 24 ára gamall, sem hefur meira próf bifreiðarstjóra, hefur borið þannig:

Ákærði ók allhratt um þjóðveginn og virtist ekki hafa gott vald á bifreiðinni, einkum fyrst í stað. Hann hægði ekki á ferðinni við bugður á veginum, og bifreiðin slingraði á veginum. Kvað hann stúlku, sem sat við hlið ákærða, og bróður hans, hafa haft orð á þessu, en hann hafi ekki skeytt um það. Hann telur hraðann hafa verið að mestu óbreyttan þar til áreksturinn varð, en telur þó að verið geti, að hann hafi hemlað svo að segja um leið og áreksturinn varð. Hann taldi að ekki hefði verið hægt að mætast, þar sem slysið varð, nema þá með sérstöku lagi, og hélt að bifreiðarnar hefðu báðar verið nálægt miðjum vegi og þær hafa lent svo að segja beint saman. Hann taldi að A 207 hefði jafnan verið með ljósum á ferð þessari. Hann sá ákærða öðru hvoru um nóttina að Reistará, auk þess sem hann sá hann í bifreiðinni, og áleit að hann hefði verið dálítið ölvaður. Ekki sá hann ákærða reika í spori eða neyta áfengis og fann ekki af honum vínlykt. Þegar lagt var af stað frá Reistará, áleit hann að ákærði hafi verið orðinn heldur meira ölvaður. Sagði hann, að ákærða hafi gengið illa að koma vélinni í gang, og „startað“ eftir að vélin var komin í gang og hafi hann þurft að taka bugðuna niður á þjóðveginn í tvennu eða þrennu lagi, sem þá muni hægt að ná í einu lagi. Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Pálmi Palmason, Hofi, 19 ára gamall, hefur borið eftirfarandi: Hann telur eins og Geirmundur, að ákærða hafi gengið illa að koma bifreiðinni af stað og niður á þjóðveginn hjá Reistará. Honum fannst ákærði aka óvenjulega illa þetta sinn og einkum hafi hann ekið

hratt eftir að hann kom á móts við Hof. Einnig hafi hann ekið illa bugðuna á veginum norðan við nefnt býli og farið þar tæpt á kantinum. Ekki varð hann þess var, að ákærði hægði á ferðinni eða hemlaði, þegar bifreiðin A 175 sást fram undan, en segist þó ekki geta fullyrt neitt þar um. Honum virtist A 175 standa kyr á veginum. Ekki fylgdist hann með, hvort jafnan hafi verið ljós á A 207, en telur að svo dimmt hafi verið af nóttu, að ekki hefði verið gott að aka ljóslaust. Hann áleit að ákærði hafi verið mikið ölvaður í þetta sinn og dregur það af því, að hann hafi ekki hirt um fortölur stúlkunnar í framsætinu og af því, að ódrukkinn maður hefði ekki ekið svo gálauslega. Hann sá ákærða að Reistará um nóttina í orðasennu við mann, og sagði að hann hefði þá verið nokkuð æstur. Ekki sá hann ákærða reika í spori né neyta áfengis. Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Ruth Harloff, Möðruvöllum, 18 ára, hefur borið eftirfarandi: Henni fannst ákærði ekki aka vel í þetta sinn, og hafi bifreiðin slingrað til, og hann hafi ekið nokkuð hratt, hún áætla 50—60 km miðað við klukkustund. Hún kvaðst hafa orðið þess vör, að ákærði hemlaði fyrir áreksturinn, en ekkert gat hún um það sagt, hversu langt hefði þá verið milli bifreiðanna. Hún kvaðst ekki geta sagt, að ákærði hafi verið ölvaður.

Vitnið Jónbjörg Gísladóttir frá Reykjavík, 23 ára, hefur borið eftirfarandi: Henni fannst aksturinn vera nokkuð hraður, en veitti ekki öðru óvenjulegu við aksturinn athygli. Hún kvaðst ekki hafa beðið ákærða að aka hægar eða gætilegar. Hún sagði, að sér hefði fundizt A 207 vera hemlað, en á næsta augnabliki hafi áreksturinn orðið. Hún kvaðst engin einkenni ölvunar hafa séð á ákærða, hvorki á dansleiknum né í bifreiðinni, og ekki sá hún hann neyta áfengis. Vitni þetta slasaðist töluvert á andliti, sem síðar greinir.

Vitnið Nis Peter Nissen, Fagraskógi, 26 ára, hefur skýrt þannig frá: Hann mundi ekki til að ákærða hefði gengið illa að koma bifreiðinni í gang né koma henni niður á veginn, en telur að hann hafi ekið mjög hratt og ógætilega og áætla hraðann 50—60 km. Hann taldi að ákærði hefði ekkert verið farinn að draga úr hraðanum, þegar áreksturinn varð og að hann hafi ekkert hemlað. Hann sagðist halda, að ákærði hefði verið eitthvað undir áhrifum áfengis, þegar lagt var af stað frá Reistará, og sagði að hann hefði ekki verið viss um, að hann hefði átt að fara að Möðruvöllum, áður en hann færi út að Fagraskógi. Hann kveðst þó ekki hafa séð glögg ytri einkenni ölvunar á ákærða.

Vitnið Sigurður Þorbergsson, Þrastahóli, 18 ára, hefur borið eftirfarandi: Hann sagði, að ákærða hefði gengið heldur illa að koma bifreiðinni í gang og niður á veginn. Hann sagði ákærða hafa ekið frekar hratt, en mundi ekki til að hann hefði ekið sérstaklega illa, og ekki heyrði hann um það talað í bifreiðinni. Hann veitti því ekki athygli, að neitt væri hægt á ferðinni á A 207, og sá engin hemlaför

eftir hana á eftir. Vitnið kvaðst oft hafa séð ákærða að Reistará um nóttina, en sá ekki á honum nein einkenni ölvunar. Þegar þeir fóru frá Reistará, sagðist hann þó hafa haft grun um, að hann hefði verið undir áhrifum áfengis, og álíta að svo hafi verið, og kveðst hann hafa markað það á hreyfingum hans og framkomu. Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Guðrún Valgarðsdóttir, Akureyri, 15 ára að aldri, hefur borið að ákærði hafi ekið mjög hratt, svo að fólkið í bifreiðinni hafi beðið hann að aka hægar, en ákærði sinnti því ekki. Annað sá hún ekki athugasvert við aksturinn. Ekki varð hún þess vör, að ákærði hemlaði eða gerði annað til að forða árekstri, og hélt hún að ekkert hefði verið farið að draga úr hraðanum, þegar áreksturinn varð. Hún sá A 175 skömmu fyrir áreksturinn og virtist hann vera á meðal hraða. Hún kvaðst ekki hafa séð það á ákærða, að hann væri ölvaður, en sagði, að fólkið í bifreiðinni hefði eitthvað haft orð á því á leiðinni frá Reistará, að svo mundi vera. Vitnið meiddist nokkuð á fótum.

Vitnið Ásgerður Jóhannsdóttir frá Ósi, 16 ára, hefur borið eftirfarandi: Hún taldi akstur ákærða í þetta sinn hafa verið óvenjulega hraðan, en veitti ekki öðru óvenjulegu athygli um hann. Hún sagði, að ákærði hefði ekki hægt á ferðinni, þótt hann væri beðinn um það. Ekki vissi hún um bifreiðina, sem á móti kom, fyrir áreksturinn. Hún sá ákærða þessa nótt ekki fyrr en hún kom í bifreiðina og veitti hún því þá ekki athygli, að hann væri ölvaður. Dimmt var í bifreiðinni. Hún kvaðst ekki hafa talað um það við ákærða að fá far með honum og sagði, að hann mundi ekki hafa aðgætt, hvaða fólk var í aftasta sæti. Vitnið slasaðist mikið, eins og síðar verður frá sagt.

Vitnið Hermann Jónsson úr Skagafirði, 23 ára, hefur skýrt frá því, að ákærða hafi gengið illa að koma bifreiðinni niður á veginn og hafi slokknad á vélinni á meðan. Á leiðinni inn veginn hafi ákærði ekið ógætilega, hlykkjótt og heldur hratt. Vitnið sá þegar áreksturinn var yfirvofandi, en ekki sá hann að neitt væri gert til að hindra hann, og heyrði ekkert í hemlum. Ekki sá hann aðra bifreið á útskotinu en A 175, en sagðist álíta, að þar hefði verið önnur bifreið, því að bifreið hefði farið fram úr bifreið ákærða hjá Hofi. Ekki sagðist hann hafa séð eða heyrt nein glögg einkenni ölvunar á ákærða í þetta sinn og aldrei séð hann neyta áfengis þessa nótt, en hann sagðist hafa álitnið, að hann væri eitthvað undir áhrifum áfengis, vegna þess hvernig hann ók. Vitnið er bifreiðarstjóri að atvinnu.

Vitnið Guðjón Þorodsson, Pálmholti, 47 ára, hefur skýrt svo frá, að ákærða hafi gengið hálfilla að koma bifreiðinni niður á veginn hjá Reistará og hafi hann orðið að aka tvisvar aftur á bak til þess að ná beygjunni. Á leiðinni inn veginn ók ákærði mjög hratt, svo að vitnið hafði orð á því við hann að aka hægar, en ákærði hló að og

skeytti því ekki. Að öðru leyti taldi vitnið, að ekki hefði verið ekið illa. Sagðist vitnið hafa orðið svo hræddur í bifreiðinni, að hann hafi búið að því lengi á eftir. Skömmu fyrir áreksturinn sá hann bifreið koma á móti þeim; var hún við útskotið og mætti þar annarri bifreið. Bifreiðin, sem á móti kom, hafði dregið úr ljósunum, meðan hin bifreiðin fór fram hjá. Örskammri stundu síðar rákust bifreiðarnar á. Ekki varð vitnið vart við, að ákærði gerði neitt til að forða árekstri, hvorki hemlað, breytt um stefnu né hraðastig. Þegar vitnið talaði við ákærða að Reistará um nóttina, og þegar hann kom að bifreið hans, sá hann hvorki né heyrði nein ölvunareinkenni á honum og fann ekki af honum vínlykt. Þó hefur vitnið sagt, að hann hafi álitnið svo vera í þetta sinn, vegna þess hvernig hann ók.

Vitni þau, sem nú hafa verið nefnd, voru öll í bifreið ákærða. Vitnið Einar Pétursson, rafvirkjanemi, 20 ára, hefur skýrt svo frá, að hann hafi ekki veitt akstri bifreiðar ákærða athygli fyrir slysið, og hann hefi ekkert athugavert séð við akstur A 175. Þeir voru nýbúnir að mæta bifreið, þegar áreksturinn varð. Hann taldi A 175 hafa verið nálægt miðjum vegi, en A 207 litils háttar til vinstri. Vitnið kvaðst hafa átt tal við ákærða eftir slysið, og hafi vitnið þá haft orð á því, að ákærði ætti sök á árekstrinum, en ákærði hafi brugðizt reiður við og spurt vitnið, hvort hann vildi slást. Ákærði hafi sagt, að hann hefi ekki séð ástæðu til að „slá af“ rétt við útskot og hélt hann því, að ákærði hefði ekki hemlað fyrir áreksturinn. Vitninu virtist ákærði talsvert ölvaður, einkum af því, að hann var æstur og sinnti lítið um slasaða fólkið. Vitni þetta var töluvert ölvað.

Vitnið Eygló Gísladóttir, Akureyri, 18 ára, telur að A 175 hafi verið ekið með venjulegum hraða, en ekkert sá hún til A 207. Hún telur að A 175 hafi numið staðar á útskotinu, meðan önnur bifreið ók fram úr henni. Vitni þetta slasaðist talsvert.

Vitnið Sigrún Bjarnadóttir, Akureyri, 16 ára, kveðst ekkert athugavert hafa séð við akstur A 175; hún hafi numið staðar á útskotinu, og hafi nokkrar bifreiðar farið þar fram hjá. Hún kveðst hafa séð A 207 á hæðinni út hjá Hofi, en ekki sá hún, vegna myrkurs, hvernig akstri þeirrar bifreiðar var hagað. Hún sá ekki hvernig áreksturinn bar að. Vitni þetta slasaðist mikið. Þrjú síðastgreind vitni voru öll í bifreiðinni A 175.

Vitnið Ottó Ryel, 26 ára að aldri, ók bifreið frá Reistará þessa nótt. Á leiðinni nam hann staðar og hleypti nokkrum bifreiðum fram fyrir sig. Var A 207 meðal þeirra, og var henni ekið fremur hratt. Nokkru síðar kom hann að slysaðnum og tók þar tvær stúlkur, sem slasaðar voru, og flutti þær í sjúkrahús. Vitnið sá ákærða að Reistará, en talaði ekki við hann. Virtist honum ákærði þá „líflegri“, en gat ekki sagt um, hvort hann hefði verið ölvaður.

Vitnið Júlíus B. Magnússon bifreiðarstjóri, 25 ára, kom á slysaðinn í bifreið. Hann heyrði ákærða tala og kvaðst álíta, að hann

hefði verið talsvert ölvaður eftir útliti hans og hegðun að dæma. Virtist honum ákærði ekki gera sér ljóst, hversu alvarlegur atburður hefði skeð. Hann heyrði, að ákærði átti í orðasennu við piltana, sem voru í A 175, og virtist hann þá talsvert æstur. Vitnið hefur staðfest framburð sinn með eiði.

Vitnið Jónína Davíðsdóttir, Möðruvöllum, 16 ára, var á Reistará um nóttina og kom á slysstaðinn skömmu eftir slysið. Hún kveðst ekki hafa orðið þess vör á Reistará, að ákærði væri ölvaður. Þegar hún átti tal við ákærða á slysstaðnum, sagði hún hins vegar, að sér hefði fundizt hann vera öðruvísi en á Reistará, og taldi að hann hefði verið verið undir áhrifum áfengis, en kvaðst ekki geta skýrt það nánar.

Vitnin Ingimar Brynjólfsson, 32 ára, og Hermann Stefánsson, 50 ára, sem voru löggæzlumenn að Reistará margnefnda nótt, hafa báðir borið, að þeir hafi oft séð ákærða um nóttina, en ekki séð á honum ölvun, en segjast þó báðir hafa haft grun um, að hann væri undir áhrifum áfengis. Sá fyrrnefndi vegna þess, að ákærði sé oft ölvaður á skemmtunum í sveit sinni. Ingimar sá ekki ákærða talsvert langan tíma áður en hann fór frá Reistará, en Hermann sá hann, þegar hann var að fara.

Vitnið Sigtryggur Einarsson, Hjalteyri, 54 ára, hefur borið eftirfarandi: Hann var með brennivinsflösku með sér að Reistará margnefnda nótt og neytti hann innihaldsins ásamt Agnari Stefánssyni. Einhvern tíma fyrri hluta næturinnar kom ákærði til þeirra, og gaf vitnið honum þá brennivín í tvo kaffibolla með kaffi í. Sagði vitnið, að þegar ákærði hafi komið til þeirra, hafi sézt, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis, og dró hann það meðal annars af því, að ákærði hefði verið örari í skapi en venjulega og augnaráðið dálítið starandi, en ekki kveðst hann þó hafa vitað, hversu mikið ákærði hefði þá verið drukkinn. Vitnið kvaðst hafa verið örlítið undir áhrifum áfengis.

Vitnið Agnar Stefánsson, 37 ára, kvaðst ekki hafa séð ölvun á ákærða í þetta sinn, en bar að öðru leyti svipað um þetta atriði. Vitnið Þorsteinn Jóhannesson bifreiðarstjóri, 46 ára, talaði við ákærða að Reistará, og kvaðst ekki hafa séð nein einkenni ölvunar á honum. Öll vitni þekktu ákærða áður og flest þeirra mjög vel, enda flest samsveitungar hans eða frá Akureyri.

Ekki hefur komið í ljós um bifreiðina A 207, að hún hafi ekki verið í ökuferu ástandi. Lögreglumennirnir, sem fóru á slysstaðinn, hafa skýrt frá því, að hún hafi skemmt allmikið, sbr. dskj. nr. 2, og ákærði hefur borið, að hún hafi skemmt svo mikið, að ekki hafi verið hægt að aka henni lengra. Það sem bent gæti til þess, að bifreiðin hafi ekki verið í góðu lagi, er, að ákærða virðist hafa gengið illa að koma vélinni í gang, þegar hann fór frá Reistará, og sjálfur hefur hann sagt, að tappinn, sem startað er með, komi stundum ekki út alveg strax, þegar sleppt er af honum og að fyrir komi, að tals-

vert erfiði sé að koma vélinni af stað, og neistinn slokknir oft á meðan. Ekki verður þó talið sannað, að þeir annmarkar hafi verið á bifreiðinni, að við lög varði. Um bifreiðina A 175 er það upplýst, sbr. vottorð nr. 2 í rannsókninni og skýrslu lögreglunnar, að ekki var unnt að aka henni eftir áreksturinn, en ekki er vitað annað en að hún hafi verið ökuhæf fyrir áreksturinn.

Þessi slys urðu við áreksturinn: Tvær stúlkur voru lagðar inn í sjúkrahús, Sigrún Bjarnadóttir og Ásgerður Jóhannsdóttir. Voru meiðsli þeirra sem hér segir samkvæmt vottorði sjúkrahússlæknisins:

Sigrún Bjarnadóttir hafði fengið mikið sár neðan á höku og upp á neðri kjálkann beggja megin, og virtist líkast því, sem hún hafi fengið áverka þennan af einhverjum sljóum hlut, sem hitt hefði hana með miklum krafti og rífið hörund og hold í sundur, svo að neðri kjálkabeinið lá bert fyrir aftur á kjálkahorn (angulus madibulae) báðum megin, og sáust óhreinindi á kjálkabruninni til beggja hliða, þar sem aðalhöggið hafði komið. Slasaða var „schockeruð“ og sljó, en með rænu, hafði misst talsvert blóð. Hún hreyfði alla limi, en hafði fengið áverka á bæði hné, allstórt flipasár, er náði inn í „bursa præpatellaris“ á hægri hné, en nokkur vökvi í vinstri hnélið. Í staðdeyfinu var gert við sárin og slösuðu síðan gefið „penisilín“ næstu daga. Sárið á höku og hálsi er alveg gróið 2% 1947, er vottorðið er gefið, en sárið á hægri hné ekki. Almenn ástand gott. Nokkur grunur gæti leikið á um brot á höfuðkúpobotni. Sjúkdómsgreining spítalans: Vulnera cutusa. Commotio cerebri.

Vottorð sjúkrahússlæknisins um Ásgerði Jóhannsdóttur segir svo: „Hún var að koma til meðvitundar, er hingað kom, en samkvæmt umsögn þeirra, er með hana komu, hafði hún verið rænulaus á leiðinni frá slysstaðnum. Hafði hún sýnilega fengið höfuðhögg, rekizt á sljóa brún eða kant, sem hafði hruflað yfirhúðina á ca. 6 cm svæði þvert yfir ennið v. megin, og var undir þessu hruflsári allmikil blæðing. Ástandið batnaði fljótt eftir komuna, svo að sjúklingurinn kom til fullrar meðvitundar, enda þótt hún væri nokkuð þjökud. Kvartaði um eymsli og stirðleika í baki. Röntgenmyndir teknar af höfði og hrygg sýndu engin brot á beinum. Sjúklingurinn er nú (2% 1947) vel hress, ekki lengur óþægindi í baki, en nokkur höfuðverkur öðru hvoru, en fer óðum batnandi. Miklar líkur til að sjúkl. verði jafngóður af meiðslum þessum. Sjúkdómsgreining: Commotio cerebri (heilahristingur).

Þegar Ásgerður kom fyrir dóm 19. sept. s. l., skýrði hún svo frá, að hún hefði legið í sjúkrahúsinu hálfan mánuð. Kvaðst þó ekki enn vera neitt farin að vinna, vegna þess að þá fái hún mikinn svima.

Eygló Gísladóttur skýrði þannig frá meiðslum sínum fyrir dómi 26. ágúst s. l., að daginn eftir slysið hafi önnur kinnin stokkbólgnað, og tungan hafi verið marín og blóðug. Enn fremur var hún með marbletti á báðum lendum. Hún var frá vinnu í vikutíma, en var þó ekki orðin jafngóð. Jónbjörg Gísladóttir skýrði frá því fyrir dómi 20.

ágúst s. l., að við áreksturinn hafi höfuð hennar rekizt sennilega í framrúðuna í bifreiðinni, og hafi hún skorizt á hægri kinn og niður á háls og fengið kúlu og smásár á ennið. Hún varð rugluð, en missti þó ekki meðvitund. Guðrún Valgarðsdóttir sagði fyrir dómi 26. ágúst s. l., að hún hafi rekið fæturna í næsta bekk og marizt talsvert á báðum fótum, og hún hafði verk aftan í hálsi og baki lengi á eftir. Hún lá rúmföst í 2 daga og var frá vinnu í vikutíma. Enn fremur meiddust bifreiðarstjórnarnir sjálfir litils háttar og fleiri fengu einhverjar skrámur.

Við framburð vitnanna hefur ákærði einkum gert þessar athugasemdir. Hann hefur ekki, þrátt fyrir vætti margra vitna um ölvun eða grun um ölvun, viljað breyta framburði sínum þar um. Hann hefur heldur ekki viljað viðurkenna, að honum hafi gengið illa að komast af stað frá Reistará, né heldur að hann hafi ekið illa eða að bifreiðin hafi slingrað til á leiðinni að slysstaðnum eða hann hafi ekið hratt umfram venju. Í sambandi við vætti yfirlögregluþjónsins hefur hann tekið það fram, að hann hafi verið svo ölvaður, þegar skýrslan var tekin af honum, að ekki sé mikið á henni að byggja. Um vitnið Guðjón Þóroddsson sagði ákærði, að það hefði verið ölvað í þetta sinn, og um vitnið Sigtrygg Einarsson, að hann hafi verið talsvert ölvaður, þegar þeir hittust.

Telja verður, að með neyzlu áfengisins að Reistará, sem fullupplýst er, hafi ákærði gerzt sekur samkvæmt upphafi 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga nr. 23 frá 1941, með því að ætlun hans var að aka bifreið strax að skemmtuninni lokinni, að því er ætla má, og varð sú raunin á. Einnig verður að telja, að áfengisneyzla þessi, sem ákærði hefur viðurkennt að hafa fundið til ölvunaráhrifa af, hafi valdið honum nokkrum sljóleika, svo að hann hafi ekki notið sín við aksturinn sem skyldi, og varðar það við 3. mgr. 23. gr. bifreiðalaganna. Þá er það upplýst, að ákærði var talsvert mikið ölvaður, þegar lögreglan kom að honum um nóttina, en þá virðast hafa verið liðnar a. m. k. 2 klukkustundir frá slysinu. Er þá að athuga, hvað lagt verði upp úr framburði hans um atvik að því. Mestallan þennan tíma virðist ákærði hafa verið einn saman, í eða hjá bifreið sinni, svo að nægilegt ráðrúm hafði hann til að neyta þess áfengis, sem hann hefur stöðugt hefur haldið fram, að hann hafi neytt á þessum tíma.

Þá hafa 6 vitni, sem sáu hann um nóttina, borið að þau hafi ekki séð á honum ölvunaráhrif eða hafa ákveðinn grun í þá átt, þar á meðal 4 stúlkur, sem voru í bifreið hans, er slysið varð. Hins vegar er á það að líta, að 7 vitni hafa öll borið ákveðið, að þau hafi séð ölvun á ákærða, og eru a. m. k. fjögur þessara vitna óaðfinnanleg og hafa staðfest framburð sinn með eiði. Auk þess hafa 6—7 vitni borið, að þau hafi haldið eða haft grun um, að ákærði væri ölvaður, þótt þau hafi eigi þorað að fullyrða þar um. Einnig er á það að líta, að ákærði er ósamkvæmur sjálfum sér í frásögn sinni varðandi magn þess áfengis, hvar hann var staddur, er hann neytti þess, og

hvar og hvernig hann kastaði frá sér flöskunni, sem áfengið átti að hafa verið í. Þá byrjaði hann á því að viðurkenna við lögreglu-mennina á slysstaðnum, að hann hefði neytt áfengis um nóttina fyrir slysið, en neitaði því síðar við yfirlögregluþjóninn, en viður-kenndi það loks fyrir dómi, eftir að rannsóknardómarinn hafði bent honum á, hversu frásögn hans hefði verið ósennileg og eindregið skorað á hann að segja satt frá áfengisneyzlu sinni. Loks er þess að geta, að lögregluþjónunum tókst ekki að finna flöskuna, sem ákærði kvaðst hafa kastað frá sér, og hafa þeir þó allir borið, að þeir hafi leitað af sér allan grun. Þegar á það er litið, sem nú hefur verið rakið, svo og háttsemi ákærða á leiðinni að slysstaðnum og á slysstaðnum, þá verður frásögn hans um áfengisneyzluna eftir slysið ekki tekin til greina, og er því talið nægilega sannað, að ákærði hafi verið orðinn ölvaður þegar slysið varð. Með því hefur hann brotið ákvæði 23. gr. 1. mgr. bifreiðalaganna, 4. gr. 2 mgr. umferðarlaga, og 21. gr. áfengislaga nr. 33 9. jan. 1935. Með því að flytja 13 farþega í bifreiðinni hefur ákærði brotið ákvæði 14. gr. 3. mgr. bifreiðalaga. Ákærði hefur sjálfur sagt, að ökuhraðinn hafi verið 45—50 km miðað við klukkustund. Flest öll vitnin, sem í bifreið hans voru, og vitnið Otto Ryel, auk Sigtryggs Þorbjarnarsonar, hafa talið, að ákærði hafi ekið hratt og sum mjög hratt. Einnig hefur ákærði viðurkennt, að hann hafi ekki séð ástæðu til að „slá af“ hraðanum á bifreið sinni. Hraðanum hélt hann óbreyttum, a. m. k. þar til aðeins var ein bifreiðarlengd milli bifreiðanna. Þegar tillit er tekið til þess, að dimmt var af nóttu og bifreið framundan, verður að telja sannað, að hraðinn hafi verið óhæfilega mikill, og að með því hafi ákærði ekki sýnt þá aðgæzlu og varkárni, sem honum bar, þrátt fyrir það, þótt hann kunni að hafa vænzt þess, að bifreiðin A 175 næmi staðar á útskotinu. Hefur hann með því brotið ákvæði bifreiðalaga, 1. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. og umferðarlög 4. gr. 3. mgr.

Loks verður að telja samkvæmt því, er að framan er lýst, að framferði ákærða hafi verið aðalorsök slysa þeirra á fólki, er að framan greinir, og hefur hann þannig gerzt brotlegur við ákvæði 219. gr. almennra hegningarlaga frá 12. febrúar 1940.

Eigi þykir nægilegt tilefni til að áfella ákærða fyrir brot á 29. gr. bifreiðalaga, þar sem hann var dálítið meiddur sjálfur og nægilega margir voru til aðstoðar hinu slasaða fólki.

Samkvæmt 38. gr. bifreiðalaga, 39. gr. áfengislaga, 14. gr. umferðarlaga og 219. gr. almennra hegningarlaga, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 30 daga varðhald. Þá þykir samkvæmt 39. gr. bifreiðalaga og 68. gr. almennra hegningarlaga verða að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið í 2 ár frá 17. ágúst s. l. að telja. Hann greiði allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 500.00 til skipaðs talsmanns síns.

Kröfur um skaðabætur hafa engar fram komið í máli þessu.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögn dóms þessa, og stafar hann

sumpart af því, að málið er all umfangsmikið og mikið annriki hefur verið við embættið, þar á meðal við rannsóknir annarra mála. Eng- óþarfur dráttur hefur annars orðið á málinu.

D ó m s o r ð :

Ákærði Valtýr Stefán Jónsson sæti 30 daga varðhaldi.

Hann er sviptur leyfi til að aka bifreið í 2 ár frá 17. ágúst 1947 að telja.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar á meðal kr. 500.00 til skipaðs talsmanns síns, Friðriks Magnússonar hdl.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. október 1948.

Nr. 123/1947. **Ágúst K. Guðmundsson**

(Hrl. Gunnar Þorsteinsson)

gegn

**Sólveigu Matthíasdóttur, Rögnu Matthías-
dóttur, Matthíasi Matthíassyni og Steingrími
Matthíassyni** (Hrl. Ólafur Þorgrímsson).

Setudómari Einar Arnalds borgardómari
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Húsaleigumál.

Dómur hæstaréttar.

Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfégeta, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1947, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og að stefndu verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar á úrskurðinum og að áfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þyk- ir mega staðfesta hann. Eftir atvikum er rétt að láta máls- kostnað í hæstarétti falla niður.